



FJARÐABYGGÐ

Deildarstjóri í leikskólum Fjarðabyggðar

STARFSLÝSING

Yfirmaður deildarstjóra er skólastjóri

1. Meginviðfangsefni

- Deildarstjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Deildarstjóri er hluti af stjórnendateymi leikskólans og ber ábyrgð á deildarstarfi.

2. Helstu verkefni

- Deildarstjóri annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Deildarstjóri fylgist með að deildin sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum í samvinnu við leikskólastjóra.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni
- Deildarstjóri tryggir að sérhvert barn á deildinni fái kennslu, leiðsögn, umönnun og/eða sérkennslu eftir þörfum.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á að meðferðaráætlunum sérfræðinga vegna einstakra barna sé framfylgt.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá og ársáætlun leikskólans á deildinni.
- Deildarstjóri tekur þátt í gerð skólanámskrár, ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Deildarstjóri hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á og stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.

2.1 Teymisvinna

- Deildarstjóri skipuleggur samvinnu við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við leikskólastjóra.
- Deildarstjóri situr starfsmannafundi, deildarstjórafundum og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.

2.2 Samskipti

- Deildarstjóri skipuleggur samvinnu við foreldra/forráðamenn barnanna á deildinni s.s. dagleg samskipti og foreldraviðtöl.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á að foreldrar/forráðamenn fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins og þá starfsemi er fram fer á deildinni og ekki varðar trúnað gagnvart öðrum börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra.
- Deildarstjóri situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á að leitað sé samþykkis foreldra/forráðamanna barns, áður en leitað er aðstoðar annarra sérfræðinga.

2.3 Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem skólastjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun, reynsla og hæfni

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Þekking á uppeldisstefnum Fjarðabyggðar er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæmi og skipulagshæfni.

Fjarðabyggð, _____

deildarstjóri

skólastjóri